

1991 nr. 88 31. desember

Lög um aukatekjur ríkissjóðs

I. kafli. Dómsmálagjöld.

■ **1. gr.** Við meðferð einkamáls í héraði skal greiða eftirfarandi gjöld í ríkissjóð:

1. Fyrir útgáfu stefnu [1.200 kr.]¹⁾
2. Fyrir þingfestingu [3.500 kr.]¹⁾
3. Fyrir dómkvaðningu matsmanns [3.500 kr.]¹⁾
4. Fyrir endurrit og ljósrit á hverja síðu 100 kr.

□ Við meðferð einkamáls fyrir Hæstarétti skal greiða eftirfarandi gjöld í ríkissjóð:

1. Fyrir kæru [11.500 kr.]¹⁾
2. Fyrir áfrýjunarleyfi [11.500 kr.]¹⁾
3. Fyrir útgáfu áfrýjunarstefnu [11.500 kr.]¹⁾
4. Fyrir þingfestingu [3.500 kr.]¹⁾
5. Útivistargjald [11.500 kr.]¹⁾

□ Fyrir sjópróf og aðra sönnunarfærslu fyrir héraðsdómi án tengsla við rekstur máls fyrir hlutaðeigandi dómi skal greiða [5.700 kr.]¹⁾ í ríkissjóð.

□ Gjöld skv. 1. og 2. mgr. skal einnig greiða fyrir sakauka-sök, gagnsök, meðalgöngusök og framhaldssök.

□ Gjöld skv. 1.–3. mgr. greiðast ekki í eftirfarandi málum:

1. Málum til heimtu vinnulauna.
2. Barnsfaðernismálum.
3. Málum til vefengingar á faðerni barns.
4. Löggræðissviptingarmálum.
5. Kjörskrármálum.
6. Einkarefsimálum.
7. Gjafsóknarmálum að því leyti sem gjald yrði lagt á gjafsóknarhafa.

¹⁾ L. 143/1997, 1. gr.

■ **2. gr.** Í málum vegna aðfarargerða, kyrrsetningargerða, lögbanngerða, löggeymslu og nauðungarsölu skal greiða gjöld skv. 1. gr. fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir því sem átt getur við.

□ Fyrir meðferð aðfararbeiðni fyrir héraðsdómi, án þess að gerðarþoli verði kvaddur fyrir dóm, skal greiða [3.500 kr.]¹⁾ í ríkissjóð. Gjald þetta skal greitt um leið og beiðni er afhent héraðsdómi, en ef gerðarþoli er síðan kvaddur fyrir dóm fellur gjaldið niður en fénu verður þá varið þess í stað til greiðslu gjalds fyrir þingfestingu máls.

¹⁾ L. 143/1997, 2. gr.

■ **3. gr.** Í málum, sem eru rekin fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir ákvæðum laga um skipti á dánarbúum o.fl. og laga um gjaldþrotaskipti, skal greiða gjöld skv. 1. gr. eftir því sem átt getur við.

□ Þá skal greiða [3.500 kr.]¹⁾ í ríkissjóð fyrir eftirfarandi málefni fyrir héraðsdómi:

1. Fyrir kröfu um opinber skipti á dánarbúi.
2. Fyrir kröfu um opinber skipti til fjárslita milli hjóna eða við slit óvígðrar sambúðar.
3. Fyrir kröfu um opinber skipti til slita á félagi.
4. Fyrir beiðni um heimild til greiðslustöðvunar, þar á meðal um framlengingu hennar.
5. Fyrir kröfu um niðurfellingu heimildar til greiðslustöðvunar.
6. Fyrir beiðni um heimild til að leita nauðasamnings.
7. Fyrir kröfu um niðurfellingu heimildar til að leita nauðasamnings.
8. Fyrir kröfu um staðfestingu nauðasamnings.

9. Fyrir kröfu um gjaldþrotaskipti.

□ Gjald skv. 2. mgr. skal greitt um leið og beiðni eða krafa er afhent héraðsdómi. Komi til rekstrar máls til að leysa úr ágreiningi um beiðni eða kröfu fellur gjaldið niður en fénu verður þá varið þess í stað til greiðslu gjalds fyrir þingfestingu máls.

□ Að því leyti sem héraðsdómari lætur birta kvaðningar vegna málefna skv. 2. mgr. með öðrum hætti en í pósti eða símskeyti skal sá sem beiðni eða krafa stafar frá bera kostnaðinn af því.

□ Gjöld skv. 1. mgr. og 2. mgr. verða ekki greidd ef um mál er að ræða sem ákvæði 5. mgr. 1. gr. taka til.

¹⁾ L. 143/1997, 3. gr.

II. kafli. Gjöld fyrir fullnustugerðir og búskipti fyrir sýslumanni.

■ **4. gr.** Þegar beiðni um fjárnám er afhent sýslumanni skal um leið greiða í ríkissjóð 1% þeirrar fjárhæðar sem fjárnáms er krafist fyrir, að meðtöldum vöxtum og kostnaði, þó aldrei minna en [3.500 kr.]¹⁾ eða meira en [11.500 kr.]¹⁾ Gjald skal reiknað í heilum hundruðum króna þannig að það sem er umfram fellur niður. Ef fjárnáms er krafist hjá fleiri en einum gerðarþola í sömu beiðni skal greiða þetta gjald vegna hvers þeirra.

□ Þegar beiðni um kyrrsetningu eða löggeymslu er afhent sýslumanni skal um leið greiða gjald skv. 1. mgr. sem tekur mið af fjárhæðinni sem gerðar er krafist fyrir.

□ Við lögbanngerð eða aðfarargerð til fullnustu á öðru en skyldu til peningagreiðslu skal greiða [5.700 kr.]¹⁾ í ríkissjóð um leið og beiðni um gerðina er afhent sýslumanni.

□ Gjöld skv. 1.–3. mgr. eru ekki endurkræf þótt beiðni sé afturkölluð eða ekki verði af framkvæmd gerðar af öðrum sökum. Sérstakt gjald verður ekki tekið við enduruptöku gerðar.

□ Gjöld skv. 1.–3. mgr. verða hvorki greidd vegna mála sem 5. mgr. 1. gr. tekur til né vegna fullnustu sektar eða kröfu um sakarkostnað í opinberu máli.

¹⁾ L. 143/1997, 4. gr.

■ **5. gr.** Þegar beiðni um nauðungarsölu til fullnustu peningakröfu er afhent sýslumanni skal um leið greiða í ríkissjóð 1% þeirrar fjárhæðar sem er krafist fullnustu á, að meðtöldum vöxtum og kostnaði. Þegar beiðni er um nauðungarsölu á fasteign eða eign sem verður ráðstafað eftir sömu reglum og fasteign skal þetta gjald aldrei vera minna en [10.300 kr.]¹⁾ eða meira en [35.000 kr.]¹⁾ Þegar beiðni er um nauðungarsölu á lausafé skal gjaldið aldrei vera minna en [3.500 kr.]¹⁾ eða meira en [11.500 kr.]¹⁾ Ákvæði 4. og 5. mgr. 4. gr. gilda um skyldu til greiðslu þessa gjalds.

□ Þegar beiðni um nauðungarsölu í öðru skyni en til fullnustu peningakröfu er afhent sýslumanni skal um leið greiða gjald í ríkissjóð. Ef beiðnin er um nauðungarsölu á fasteign eða annarri eign sem verður ráðstafað með sama hætti og fasteign er gjaldið [17.200 kr.]¹⁾ en ef beiðnin varðar annars konar eign [5.700 kr.]¹⁾

□ Þegar fasteign er seld á uppboði greiðist 1% söluverðs sem sölu-laun í ríkissjóð. Það sama á við um aðrar eignir sem eru seldar eftir sömu reglum og gilda um nauðungarsölu fasteigna.

□ Þegar aðrar eignir en getur í 3. mgr. eru seldar á uppboði greiðast 5% söluverðs sem sölu-laun í ríkissjóð.

□ Gjöld skv. 1.–4. mgr. skulu reiknuð í heilum hundruðum króna þannig að það sem er umfram fellur niður.

¹⁾ L. 143/1997, 5. gr.

■ **6. gr.** Þegar einkaskiptum á dánarbúi er lokið skal greiða [5.700 kr.]¹⁾ sem skiptagjald í ríkissjóð samhliða greiðslu erfðafjárskatts. Skiptagjald greiðist þó ekki ef arfur rennur að öllu leyti til erfingja sem er undanþeginn skyldu til greiðslu erfðafjárskatts.

¹⁾ L. 143/1997, 6. gr.

■ **7. gr.** Við framkvæmd aðfarargerða, kyrrsetningargerða, lögbannargerða, löggeymslu, nauðungarsölu og skipti dánarbúa fyrir sýslumanni verður ekki krafist frekari greiðslna en segir í 4.–6. gr. nema fyrir:

1. Óhjákvæmilegan akstur sem sá sem krefst aðgerðar býður ekki fram með viðunandi hætti. Sé notað ökutæki starfsmanns sýslumanns reiknast aksturskostnaður eftir almennum reglum um afnot ríkisstarfsmanna á eigin ökutæki við rækslu starfa sinna.

2. Útlagðan kostnað úr ríkissjóði vegna óhjákvæmilegrar ferðar og dvalar sýslumanns eða starfsmanns hans utan umdæmis hans.

3. Þóknun eftir ákvörðun sýslumanns handa öðrum en starfsmönnum sínum sem eru kvaddir til að leysa af hendi nauðsynleg störf.

4. Ljósritun, en fyrir hana skal greiða með sama hætti og segir í 1. gr.

□ Greiðslur skv. 1. mgr. renna í ríkissjóð og verður þeirra krafist um leið og tilefni gefst til þeirra. Sýslumanni er heimilt að áskilja fyrirframgreiðslu þannig að frekari framkvæmd umbeðinnar aðgerðar falli niður ef hún verður ekki innt af hendi.

III. kafli. Gjöld fyrir þinglýsingar og lögbókandagerðir.

■ **8. gr.** Fyrir þinglýsingu skjala skal greiða [1.200 kr.]¹⁾

□ Eigi skal greiða gjald fyrir þinglýsingu úrskurða um sviptingu sjálfræðis eða fjárræðis né úrskurða um brottám lög-ræðissviptingar.

¹⁾ L. 143/1997, 7. gr.

■ **9. gr.** [Fyrir afsagnargerðir, stefnubirtingar og aðrar slíkar gerðir er lögbókandi framkvæmir skal greiða 1.200 kr. Sama gjald skal greiða fyrir staðfestingar er starfsmenn utanríkisþjónustunnar framkvæma.]¹⁾

□ Fyrir lögbókandavottorð á erfðaskrá og á samninga skal greiða [2.300 kr.]²⁾

□ Fyrir drátt í happdrætti skal greiða [3.500 kr.]²⁾

¹⁾ L. 59/2001, 1. gr. ²⁾ L. 143/1997, 8. gr.

IV. kafli. Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra réttinda.

■ **10. gr.** [Fyrir útgáfu eftirfarandi leyfa og skírteina vegna veitingar atvinnuréttinda og tengdra réttinda skal greiða 5.000 kr.:

1. Leyfi til málflyttings fyrir Hæstarétti og héraðsdómi.

2. Leyfi til að stunda almennar lækningar og sérfræðilækningar, leyfi til að stunda almennar tannlækningar og sérfræðitannlækningar, leyfi til ljósmæðra, hjúkrunarfræðinga og sérfræðileyfi til hjúkrunarfræðinga, leyfi til lyfsala, lyfjafræðinga, sérfræðileyfi lyfjafræðinga og leyfi til aðstoðar-lyfjafræðinga.

3. Leyfi til sjúkrahjálfa, félagsráðgjafa, iðjubjálfa, þroskabjálfa, meinatækna, röntgentækna, matvælafræðinga og sálfræðinga.

4. Leyfi til sjóntækjafræðinga.

5. Leyfi til sjúkraliða.

6. Leyfi til matartækna.

7. Leyfi til lyfjatekna.

8. Leyfi til fótaaðgerðafræðinga.

9. Leyfi til hnykkja.

10. Leyfi til sjúkraflutningamanna.

11. Leyfi til neringarfræðinga og neringarráðgjafa.

12. Leyfi til læknaritara.

13. Leyfi til sjúkranuddara.

14. Leyfi til talmeinafræðinga.

15. Leyfi til tannfræðinga.

[16. Leyfi til tannsmiða.]¹⁾

[17.] ¹⁾ Leyfi til matarfræðinga.

[18.] ¹⁾ Leyfi til náttúrufræðinga í heilbrigðisþjónustu.

[19.] ¹⁾ Leyfi til tanntækna.

[20.] ¹⁾ Leyfi til grunnskólakennara og framhaldsskólakennara.

[21.] ¹⁾ Leyfi til bókasafnsfræðinga.

[22.] ¹⁾ Leyfi til verkfræðinga, tæknifræðinga, arkitekta (húsameistara), byggingafræðinga, húsgagna- og innanhússarkitekta, iðnfræðinga, landslagsarkitekta og skipulagsfræðinga.

[23.] ¹⁾ Leyfi til viðskiptafræðinga og hagfræðinga.

[24.] ¹⁾ Leyfi til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala.

[25.] ¹⁾ Leyfi til dómtúlka og/eða skjalapýðenda.

[26.] ¹⁾ Leyfi til leigubifreiðaaksturs.

[27.] ¹⁾ Leyfi til gerðar eignaskiptayfirlýsinga.

[28.] ¹⁾ Löggilding endurskoðenda.

[29.] ¹⁾ Löggilding manna um ævitíð.

[30.] ¹⁾ Meistarabréf.

[31.] ¹⁾ Sveinsbréf.

[32.] ¹⁾ Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna A, B og C.

[33.] ¹⁾ Vélstjórnarskírteini.

[34.] ¹⁾ Flugnema- og svifflygmannsskírteini.

[35.] ¹⁾ Einkaflygmannsskírteini.

[36.] ¹⁾ Atvinnuflygmannsskírteini, I., II. og III. fl.

[37.] ¹⁾ Flugvéltekna-, flugvélstjóra- og flugumferðarstjóra-skírteini.

[38.] ¹⁾ Skírteini til kvikmyndasýninga:

a. Staðbundin skírteini.

b. Sveinsskírteini.

c. Meistaraskírteini.

[39.] ¹⁾ Naglabyssuskírteini.

[40.] ¹⁾ Skírteini fyrir suðumenn.

□ Fyrir endurnýjun framantalinna leyfa og skírteina skal greiða 1.000 kr.]²⁾

¹⁾ L. 59/2001, 2. gr. ²⁾ L. 55/2000, 1. gr.

V. kafli. Leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi.

■ **11. gr.** Fyrir útgáfu eftirfarandi leyfa skal greiða sem hér segir:

[1. Starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags	100.000 kr.
2. Árlegt eftirlitsgjald alþjóðlegs viðskiptafélags	100.000 kr.] ¹⁾
[3. Leyfisbréf fyrir viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. 4. gr. laga nr. 113/1996	100.000 kr.
4. Leyfisbréf fyrir lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. 3. gr. laga nr. 123/1993	100.000 kr.] ²⁾
5. ... ³⁾	
6. [Leyfisbréf fyrir verðbréfafyrirtæki, sbr. 8. gr. laga nr. 13/1996	100.000 kr.] ⁴⁾
7. [Leyfisbréf fyrir verðbréfafyrirtæki, sbr. 9. gr. laga nr. 13/1996	50.000 kr.] ⁴⁾

8. [Leyfisbréf fyrir erlent fyrirtæki í verðbréfaþjónustu með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 46. gr. laga nr. 13/1996,		36. Leyfi til leitar og hagnýtingar á efnunum á, í eða undir hafsbótinum utan netlaga, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 73/1990	100.000 kr.] ²⁾
a. sem starfar skv. 8. gr. laganna	100.000 kr.	[[37.] ²⁾ Leyfi til reksturs fjarskiptaþjónustu	80.000 kr.
b. sem starfar skv. 9. gr. laganna	50.000 kr.] ⁴⁾	[38.] ²⁾ Leyfi til reksturs almenns fjarskiptanets	20.000 kr.
[9. Leyfisbréf fyrir verðbréfasjóði, sbr. 2. gr. laga nr. 10/1993	50.000 kr.	[39.] ²⁾ Leyfi til reksturs pósthjónustu	80.000 kr.
10. Leyfisbréf fyrir kauphallir, sbr. 3. gr. laga nr. 34/1998	100.000 kr.	[40.] ²⁾ Leyfi til sjónvarps	
11. Leyfisbréf fyrir skipulega tilboðsmarkaði, sbr. 3. gr. og IX. kafla laga nr. 34/1998	100.000 kr.	a. til þriggja ára	96.000 kr.
12. Leyfisbréf fyrir verðbréfamistöðvar, sbr. 3. gr. laga nr. 131/1997	100.000 kr.	b. til fimm ára	160.000 kr.
13. Leyfisbréf fyrir skaðatryggingafélög og líftryggingafélög, sbr. 26. gr. laga nr. 60/1994	100.000 kr.] ²⁾	c. til sjö ára	224.000 kr.
[14.] ²⁾ Leyfi til váttryggingarmiðlunar	50.000 kr.] ⁵⁾	[41.] ²⁾ Leyfi til hljóðvarps	
[[15.] ²⁾ Bráðabirgðaleyfi til váttryggingarmiðlunar	10.000 kr.] ⁵⁾	a. til allt að tveggja mánaða	3.000 kr.
[16.] ²⁾ . . . ²⁾		b. til eins árs	22.000 kr.
[17.] ²⁾ Leyfi starfrækslu uppboðsmarkaða fyrir sjávaraflla	50.000 kr.	c. til tveggja ára	44.000 kr.
[18.] ²⁾ Endurnýjun leyfis skv. [17. tölul.] ²⁾	5.000 kr.	d. til þriggja ára	66.000 kr.
[19.] ²⁾ . . . ²⁾		e. til fimm ára	110.000 kr.
[20. Hótelleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað, leyfi fyrir næturklúbb, kaffihús, dansstað og krá	50.000 kr.] ²⁾	[42.] ²⁾ Leyfi til útvarps á afmörkuðum svæðum, sem útvarpsréttarnefnd telur ná til innan við 10 þúsund íbúa: 50% af þeim fjárhæðum sem greinir í [40. tölul. og b–e-liðum 41. tölul.] ²⁾	
[21.] ²⁾ Leyfi fyrir gistiheimili, veitingastofuleyfi, greiðasöluleyfi	20.000 kr.	[43.] ²⁾ Leyfisbréf fyrir líffeyrissjóð	
[22.] ²⁾ Leyfi til að selja gistingu á einkaheimilum, gistiskáaleyfi, veislupjónustuleyfi, veitingavarslunarleyfi	15.000 kr.	a. skv. 25. gr. laga nr. 129/1997	50.000 kr.
[23.] ²⁾ Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. [20.–22. tölul.] ²⁾	3.000 kr.	b. skv. 52. gr., sbr. V. kafla laga nr. 129/1997	30.000 kr.
[24.] ²⁾ Leyfi til tækifærisveitinga	3.000 kr.	c. skv. 53. gr., sbr. V. kafla laga nr. 129/1997	10.000 kr.] ⁷⁾
[25.] ²⁾ . . . ⁶⁾		[44.] ²⁾ . . . ²⁾	
[26.] ²⁾ . . . ⁶⁾		[45. Leyfi til reksturs miðlunar með leiguhúsnæði, sbr. 73. gr. laga nr. 36/1994	5.000 kr.
[27.] ²⁾ Leyfi til að framleiða áfenga drykki	100.000 kr.	46. Leyfi til að annast öryggisþjónustu í atvinnuskyni, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1997	5.000 kr.
[[28.] ²⁾ Áfengisinnflutningsleyfi	15.000 kr.] ⁵⁾	47. Skemmtanaleyfi vegna einstakra tilvika	5.000 kr.
[[29.] ²⁾ Áfengisheildsöluleyfi	30.000 kr.] ⁵⁾	48. Leyfi til þess að efna til skyndihappdrættis, sbr. 1. gr. laga nr. 13/1973	5.000 kr.
[[30.] ²⁾ Árlegt eftirlitsgjald þeirra sem hafa leyfi til innflutnings og heildsölu með áfengi og tóbak, sbr. lög nr. 63/1969, með síðari breytingum	5.000 kr.] ⁵⁾	49. Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu, sbr. 10. gr. laga nr. 117/1994,	
[[31.] ²⁾ Árlegt eftirlitsgjald framleiðenda áfengis	50.000 kr.] ⁵⁾	a. til tveggja ára	5.000 kr.
[32.] ²⁾ Almenn skemmtanaleyfi fyrir veitingastað		b. til fimm ára	5.000 kr.] ²⁾
a. til eins árs eða skemur	100.000 kr.	[50. Útflutningsleyfi	1.200 kr.] ⁸⁾
b. til lengri tíma en eins árs	300.000 kr.	¹⁾ L. 29/1999, 7. gr. ²⁾ L. 55/2000, 2. gr. ³⁾ L. 28/1998, 26. gr. ⁴⁾ L. 143/1997, 9. gr. ⁵⁾ L. 140/1995, 1. gr. ⁶⁾ L. 8/1999, 5. gr. ⁷⁾ L. 159/1998, 3. gr. ⁸⁾ L. 59/2001, 3. gr.	
[33. Iðnaðarleyfi] ²⁾	25.000 kr.	VI. kafli. Ýmis leyfi varðandi heimild til að selja, kaupa og fara með hættuleg efni og tæki.	
[34. Leyfi til rannsókna og nýtingar jarðvarma á lágheatavæðum, grunnvatns og hveraörvera, sbr. 4., 6. og 34. gr. laga nr. 57/1998	25.000 kr.	■ 12. gr. Greiða skal gjald fyrir útgáfu eftirfarandi leyfa sem hér segir:	
35. Leyfi til rannsókna og nýtingar jarðvarma á háheatavæðum og jarðefna, sbr. 4. og 6. gr. laga nr. 57/1998	100.000 kr.	1. Eiturbeiðni (leyfi til kaupa á takmörkuðu magni)	3.000 kr.
		2. Leyfisskírteini til kaupa og notkunar á eiturefnum	5.000 kr.
		3. Endurnýjun leyfisskírteina skv. 2. tölul.	3.000 kr.
		4. Leyfi til að framleiða skotelda, skotvopn, skotfæri eða sprengiefni	25.000 kr.

5. Leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri eða skotelda, hvort sem er í heildsölu eða smásölu, auk gjalds fyrir verslunarleyfi	15.000 kr.	b. Fyrir skyndiútgáfu	9.200 kr.
6. Endurnýjun leyfis skv. 5. tölul.	3.000 kr.	c. Fyrir neyðarvegabréf	2.300 kr. ¹⁾
7. Tímabundið leyfi til sölu skotelda í smásölu	3.000 kr.	[d. Útgáfa vegabréfa til öryrkja fer skv. 2. tölul.] ²⁾	
8. Leyfi til kaupa á sprengiefni	6.000 kr.	2. [Fyrir útgáfu vegabréfa til útlanda fyrir aðra:	
9. Leyfi til þess að fara með sprengiefni og annast sprengingar	6.000 kr.	a. Almenn gjald	1.700 kr.
[10. Skotvopnaleyfi	3.000 kr.	b. Fyrir skyndiútgáfu	3.400 kr.
11. Endurnýjun leyfis skv. 10. tölul.	3.000 kr.	c. Fyrir neyðarvegabréf	850 kr. ¹⁾
12. Leyfi til reksturs skotvopnaleygu	3.000 kr.	[3. Fyrir útgáfu diplómátskra vegabréfa og þjónustuvegabréfa:	
13. Leyfi til útflutnings skotvopna, skotfæra, sprengiefna eða skotelda	3.000 kr.	a. Fyrir 18–66 ára	4.600 kr.
14. Skotvopnaleyfi til félags, stofnunar eða einstaklings ef slíkur aðili þarf nauðsynlega á því að halda vegna starfsemi sinnar	3.000 kr.	b. Skyndiútgáfa fyrir 18–66 ára	9.200 kr.
15. Leyfi til félags sem hefur iðkun skotfimi að markmiði	3.000 kr.	c. Fyrir aðra	1.700 kr.
16. Leyfi til innflutnings skotvopna og skotfæra til eigin nota	3.000 kr. ¹⁾	d. Skyndiútgáfa fyrir aðra	3.400 kr.
[17. Leyfi til skoteldasýningar	5.000 kr.	4. Aðgangsheimild að varnarsvæðum Keflavíkurflugvallar:	
18. Brennuleyfi	5.000 kr. ²⁾	a. Fyrir fastráðna starfsmenn	2.000 kr.
		b. Fyrir tímabundið skírteini	1.000 kr.
		5. Vegabréfsáritun til gegnumferðar um flughöfn	800 kr.
		6. Vegabréfsáritun til gegnumferðar um ríki (ein, tvær eða fleiri komur)	800 kr.
		7. Vegabréfsáritun til skamms tíma (hámark til 30 daga)	1.800 kr.
		8. Almenn vegabréfsáritun (hámark til 90 daga)	2.400 kr.
		og að auki fyrir hverja komu frá og með annarri komu	400 kr.
		9. Vegabréfsáritun fyrir fleiri en eina komu sem gildir í eitt ár	4.000 kr.
		10. Vegabréfsáritun fyrir fleiri en eina komu sem gildir að hámarki í fimm ár	4.000 kr.
		og að auki fyrir hvert viðbótarár	2.400 kr.
		11. Vegabréfsáritun til langs tíma	2.400 kr.
		12. Vegabréfsáritun með takmarkað gildissvið	2.400 kr.
		13. Vegabréfsáritanir skv. 5. og 6. tölul. fyrir hópa (5–50 einstaklingar)	800 kr.
		og að auki fyrir hvern einstakling	80 kr.
		14. Vegabréfsáritanir skv. 7. tölul. fyrir hópa (30 dagar), ein eða tvær komur (5–50 einstaklingar)	2.400 kr.
		og að auki fyrir hvern einstakling	80 kr.
		15. Vegabréfsáritanir skv. 7. tölul. fyrir hópa (30 dagar), meira en tvær komur (5–50 einstaklingar)	2.400 kr.
		og að auki fyrir hvern einstakling	240 kr. ²⁾
		[16.] ²⁾ Fyrir borgaralega hjónavígslu	[4.600 kr.] ³⁾
		[17.] ²⁾ Lögskilnaðarleyfi	[2.800 kr.] ³⁾
		[18.] ²⁾ Leyfi til skilnaðar að borði og sæng	[2.300 kr.] ³⁾
		[19.] ²⁾ Ættleiðingarleyfi	[2.300 kr.] ³⁾
		[20.] ²⁾ Fyrir vottorð er einstakir menn æskja í þágu verslunar eða atvinnu	[1.200 kr.] ³⁾
		[21.] ²⁾ Fyrir löggildingu leiðarbókar eða véladagbókar	[1.200 kr.] ³⁾
		[22.] ²⁾ Fyrir sakavottorð gefin út samkvæmt beiðni einstakra manna	[1.200 kr.] ³⁾
		[23.] ²⁾ Fyrir vèðbókarvottorð	[900 kr.] ³⁾
		[24.] ²⁾ Fyrir önnur embættisvottorð	[1.200 kr.] ³⁾

VII. kafli. Gjöld fyrir ýmsar skráningar.

■ 13. gr. Fyrir eftirfarandi skráningar skal greiða gjald sem hér segir:

1. [Skráning hlutafélags og samvinnufélags	150.000 kr.] ¹⁾
[2. Skráning einkahlutafélags [og sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur] ²⁾	75.000 kr.] ¹⁾
[3.] ¹⁾ Skráning erlendra félaga	50.000 kr.
[4.] ¹⁾ Skráning firma eins manns	40.000 kr.
[5.] ¹⁾ Skráning firma tveggja manna eða fleiri	50.000 kr.
[6. Umskráning hlutafélaga í einkahlutafélög	5.000 kr.] ¹⁾
[7. Umskráning einkahlutafélaga í hlutafélög	75.000 kr.] ¹⁾
[8.] ¹⁾ Aukatilkynningar og skráning breytinga	1.000 kr.
[9.] ¹⁾ Skráning loftfars til atvinnuflugs	60.000 kr.
[10.] ¹⁾ Skráning loftfars til einkaflugs	30.000 kr.
[11.] ¹⁾ Skráning breytinga á eldri skráningu loftfars (eigendaskipti, nafnbreyting o.fl.)	5.000 kr.
[12.] ¹⁾ Skráning kaupmála	4.000 kr.
[13.] ¹⁾ Lögskráning sjómanna	500 kr.
[14. Skráning póstrekenda	10.000 kr.
15. Skráning aðila sem veita fjarskiptaþjónustu	10.000 kr.] ³⁾
[16.] ³⁾ . . . ⁴⁾	

¹⁾ L. 140/1995, 2. gr. ²⁾ L. 26/1999, 1. gr. ³⁾ L. 159/1998, 4. gr. ⁴⁾ L. 55/2000, 4. gr.

VIII. kafli. Ýmis vottorð og leyfi.

■ 14. gr.

1. [Fyrir útgáfu vegabréfa til útlanda fyrir 18–66 ára:	
a. Almenn gjald	4.600 kr.

- [[25.]²⁾ Vélrænar fyrirspurnir úr þinglýs-
ingabókum [500 kr.]³⁾⁴⁾
- [[26.]²⁾ Leyfi til nafnbreytinga, þó ekki
nafnbreytinga skv. 2. málsl. 1. mgr.
11. gr. laga nr. 45/1996, um manna-
nöfn 4.000 kr.
- [27.]²⁾ Fyrir vottorð um íslenskan ríkis-
borgararétt 1.200 kr.]³⁾
- [[28.]²⁾ Fyrir ökuskírteini (fullnaðarskír-
teini) fyrir flokkana A, B, BE, C, CE,
D og DE og til farþegaflutninga í at-
vinnuskyni 3.500 kr.
- [29.]²⁾ Fyrir bráðabirgðaökuskírteini . . . ⁵⁾
og ökuskírteini fyrir flokkana M og T 2.000 kr.]¹⁾
- [[30.]²⁾ Fyrir ökuskírteini 65 ára og eldri 1.000 kr.]³⁾
- [Verði vegabréfsáritun gefin út við landamæri skal inn-
heimta tvöfalda fjárhæð þess flokks vegabréfsáritunar sem
um er að ræða.]²⁾
- ¹⁾ L. 159/1998, 5. gr. ²⁾ L. 59/2001, 5. gr. ³⁾ L. 143/1997, 10. gr. ⁴⁾ L. 50/1994,
2. gr. ⁵⁾ L. 55/2000, 5. gr.
- [IX. kafli. Gjöld vegna sérstakrar þjónustu starfs-
manna utanríkisþjónustunnar.]¹⁾**
- ¹⁾ L. 59/2001, 6. gr.
- **[15. gr.]** Greiða skal gjöld fyrir sérstaka þjónustu er starfs-
menn utanríkisþjónustunnar veita svo sem hér segir:
1. Fyrir aðstoð við útvegum vottorða og
yfirlýsinga frá opinberum stjórnvöld-
um eða öðrum á Íslandi eða erlendis 3.000 kr.
 2. Fyrir þýðingar sendiskrifstofa, hver
síða 3.500 kr.
 3. Fyrir milligöngu um birtingu stefnu
í einkamálum og greiðsluáskoranir
fyrir aðila erlendis 5.000 kr.
 4. Fyrir tilnefningu vegna móttöku
stefna, dóma og tilkynninga fyrir
hönd innlendra fyrirtækja og stofnana 10.000 kr.
 5. Fyrir millifærslu fjármuna til og frá
útlöndum:
 - a. Fyrir millifærslu allt að 50.000 kr. 3.000 kr.
 - b. Fyrir millifærslu á bilinu 50.000 kr.
til 200.000 kr. 7.500 kr.
 - c. Fyrir millifærslu yfir 200.000 kr. skal
greiða 3,75% af millifærðri fjárhæð
en þó ekki hærra en 37.500 kr.]¹⁾
- ¹⁾ L. 59/2001, 6. gr.
- [[X. kafli.]¹⁾ Afgreiðslugjald skipa.]²⁾**
- ¹⁾ L. 59/2001, 6. gr. ²⁾ L. 1/1992, 34. gr.
- **[16. gr.]¹⁾** [Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip sem koma
hingað einvörðungu vegna fiskveiða og vöru- og flutninga-
skip sem koma frá útlöndum og fyrir að láta af hendi þau
skilríki er skipið á að fá hér á landi skal greiða 20 kr. af hverju
nettótonni skipsins. Hálf nettótonn eða þar yfir telst heilt. Af
farþegaskipum skal greiða fjórðung gjalds.]²⁾
- Gjald þetta skal greiða í fyrstu höfn er skipið tekur hér á
landi, þó eigi oftast en sex sinnum á almanaksári.
- Undanþegin afgreiðslugjaldi eru herskip, spítalaskip og
skip sem leita hafnar í neyð.]³⁾
- ¹⁾ L. 59/2001, 6. gr. ²⁾ L. 140/1995, 3. gr. ³⁾ L. 1/1992, 34. gr.

[XI. kafli.]¹⁾ [Ljósrit, endurrit og eftirgerð.]²⁾¹⁾ L. 59/2001, 6. gr. ²⁾ L. 140/1995, 6. gr.

■ **[17. gr.]¹⁾** Fyrir endurrit eða ljósrit skal greiða 100 kr. fyr-
ir hverja vélritaða síðu. Fyrir staðfestingu dómsgerða skal
greiða 1.000 kr.

□ Í ritlaunum skv. 1. mgr. er innifalið staðfestingargjald,
nema af dómsgerðum og lögbókandastaðfestingum.

□ [Fyrir eftirgerð af hljóðupptökum skal greiða eftirfarandi
gjald:

1. Fyrir eftirgerð af hljóðupptöku, 90 mín., 400 kr.
2. Fyrir eftirgerð hljóðupptöku, 60 mín., 350 kr.
3. Fyrir eftirgerð myndbandsupptöku 1.000 kr.]²⁾

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr. ²⁾ L. 140/1995, 4. gr.**[[XII. kafli.]¹⁾ Gjöld fyrir staðfestingu skipulagsskráa
og birtingu reglugerða lífeyrissjóða.]²⁾**¹⁾ L. 59/2001, 6. gr. ²⁾ L. 143/1997, 11. gr.

■ **[18. gr.]¹⁾** Fyrir staðfestingu á skipulagsskrá samkvæmt
lögum nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa sam-
kvæmt staðfestri skipulagsskrá, skal greiða 5.000 kr. Þeir
sem fara fram á staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á skipu-
lagsskrá skulu endurgreiða ráðuneytinu kostnað við birtingu
skipulagsskráar í B-deild Stjórnartíðinda.

□ Lífeyrissjóðir, sem senda reglugerðir sínar til fjármála-
ráðuneytis til staðfestingar samkvæmt lögum nr. 55/1980, um
starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda,²⁾
skulu endurgreiða ráðuneytinu kostnað af birtingu reglugerða
í B-deild Stjórnartíðinda.]³⁾

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr. ²⁾ Nú l. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og
starfsemi lífeyrissjóða. ³⁾ L. 143/1997, 11. gr.**[XIII. kafli.]¹⁾ Um innheimtu gjaldanna, gildistöku o.fl.**¹⁾ L. 59/2001, 6. gr.

■ **[19. gr.]¹⁾** Gjöld samkvæmt lögum þessum skulu renna í
ríkissjóð.

□ Innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum annast sýslu-
menn, héraðsdómarar og hliðstæðir embættismenn, svo og
fjármálaráðuneyti eða önnur ráðuneyti í umboði þess.

□ Þegar innheimtumaður afgreiðir skjal sem gjaldið er tekið
fyrir að gefa út eða rita á ber honum að rita hið greidda gjald
á skjalið.

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr.

■ **[20. gr.]¹⁾** Fjármálaráðuneytið ákveður hvort ríkissjóður
eða innheimtuaðilar opinberra gjalda skuli greiða gjald sam-
kvæmt lögum þessum af gerðum og skjölum er þessa aðila
varða.

□ [Gjöld samkvæmt lögum þessum sem innt eru af hendi er-
lendis ber að greiða í mynt hlutaðeigandi ríkis í samræmi við
skráð gengi hverju sinni. Gjöld sem mælt er fyrir um í 5.–10.
tölul. og 12.–15. tölul. 14. gr. skulu taka mið af gengi evr-
unnar. Við útreikning gjalda þessara er heimilt að námunda
upphæðina.]²⁾

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr. ²⁾ L. 59/2001, 7. gr.

■ **[21. gr.]¹⁾ . . . ²⁾**

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr. ²⁾ L. 140/1995, 5. gr.

■ **[22. gr.]¹⁾** Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að
kveða nánar á um framkvæmd laga þessara.

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr.

■ **[23. gr.]¹⁾** Lög þessi öðlast gildi þann 1. janúar 1992. . . .

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr.